

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá 27. september 1972 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1974.

Nr. 170/1972: **Jón Vigfússon**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
vegna Skipaútgæðar ríkisins**

og

Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Gaukur
Jörundsson.**

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 22. desember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. desember s. á. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða sér óskipt kr. 658.550.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. júlí 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar óskipts úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál væri eigi gjafsóknarmál, að því er varðar málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Skipaútgæðar ríkisins krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Héraðsdómur var skipaður sérfróðum meðdómendum, sbr. 1. málsg. 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936.

Atvik að slysi því, er áfrýjandi varð fyrir hinn 5. júlí 1968, eru um margt óljós, svo sem lýst er í héraðsdómi. Fallast ber á það mat héraðsdóms, að slysið verði hvorki rakið til vanbúnaðar skips, bilunar á tækjabúnaði þess né yfirsjónar eða vanrækslu starfsmanna, sem stefndi Skipaútgerð ríkisins ber ábyrgð á, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1963. Ber því að sýkna hann af kröfum áfrýjanda, en rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Stefndi Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar réð áfrýjanda til starfs þess, er hann vann við, þegar hann slasaðist, og galt honum kaup. Áfrýjandi hefur eigi sýnt fram á nein þau atvik, er skotið geti stoðum undir fébótaábyrgð á hendur þessum stefnda vegna tjóns þess, er um er fjallað í málinu. Verður því einnig að sýkna þennan stefnda af kröfum áfrýjanda, en rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Áfrýjandi hlaut gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 5. maí 1972. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. mars 1972.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar s.l., hefur Jón Vigfússon verkamaður, Oddeyrargötu 6, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjar-

þinginu með stefnu, birtri 14. apríl 1970 og 17. ágúst sama ár, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiganda Skipaútgerðar ríkisins, og Jónasi H. Traustasyni forstjóra f. h. Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda í stefnu málsins eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum bætur að upphæð kr. 668.-161.00 auk 7% ársvaxta frá 5. júlí 1968 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 658.550.00 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og krafist var í stefnu.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Skipaútgerðar ríkisins er *aðallega* krafist sýknu af kröfum stefnanda, en til vara verulegrar lækkunar stefnukröfu. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu stefnda Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar er *aðallega* krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Sættir hafa verið reyndar með aðiljum málsins, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau, að hinn 5. júlí 1968 varð stefnandi fyrir slysi um borð í m/s Bliki, leiguskipi Skipaútgerðar ríkisins, þar sem það lá við Torfunesbryggju í Akureyrarhöfn. Vann stefnandi í lest skipsins ásamt fleiri mönnum, og var unnið að því að hífa lausar stroffur upp úr lestinni. Stefnandi féll á lestargólfið með þeim afleiðingum, að hann beinbrotnaði.

Í frumskýrslu lögreglunnar á Akureyri, sem dagsett er sama dag og slysið varð, segir, að klukkan 2245 hafi umrætt slys verið tilkynnt á varðstofu lögreglunnar og hafi þá tveir lögreglumenn farið á vettvang. Í skýrslunni, sem annar lögreglumannanna undirritar, segir síðan orðrétt: „Þarna hafði slasast maður að nafni Jón Vigfússon, til heimilis Oddeyrargötu 2, Ak., er hann var við vinnu í lest skipsins. Að sögn vinnufélaga hans hafði slysið borið við með þeim hætti, að verið var að hífa lausar stroffur upp úr lestinni, og mun Jón hafa staðið í lykkju á einni þeirra, hafist á loft með henni og kastast á lestargólfið. Við aðstoðuðum við að flytja

Jón í land og ókum honum síðan upp á sjúkrahús til rannsóknar, en hann kvartaði um sársauka, einkum í hægri mjöðm.“

Hinn 20. september 1968 var stefnandi yfirheyrður í Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Akureyri af yfirlögreglumanni á Akureyri. Stefnandi, sem er fæddur árið 1903, sagðist hafa verið í vinnu hjá Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar við að afferma strandferðaskipið Blik. Um klukkan 2235 hafi hann verið á efra dekki afturlestar ásamt Aðalsteini Kristinssyni og Óla Gunnarssyni og hafi þeir verið sinn hvorum megin við skipssíðurnar. Hann hafi vikið sér snöggvast frá, en er hann hafi komið aftur til þeirra, hafi kaðalstroffa legið á milli þeirra. Hann hafi ætlað að fara að laga hana til eða breiða niður, en hafi þá orðið þess var, að Aðalsteinn ætlaði að draga stroffuna til sín. Hafi hann þá sleppt höndum af henni, en um leið hafi Aðalsteinn dregið hana að sér og í sama svip hafi hann, þ. e. stefnandi, fallið aftur á bak og ekki getað hreyft sig eftir það. Sagði hann, að orsök þess, að hann féll, hafi verið sú, að hann muni í ógáti hafa stigið fæti á stroffuna, um leið og Aðalsteinn dró hana að sér. Sagði hann, að engar aðrar orsakir hafi legið til slyssins en að framan greini.

Lögregluskýrsluna staðfesti stefnandi fyrir dómi hinn 19. maí 1971. Þar sagði hann, að er hlé hafi orðið á uppskipun, meðan beðið var eftir stroffum, hafi hann skroppið í næstu lest að aðgæta, hvernig gengi þar. Eins og máli þessu er háttað, þykir rétt að taka upp orðréttan framburð stefnanda um aðdranganda slyssins: „Aðspurður segist mættur álíta, að Aðalsteinn hljóti að hafa séð sig, er hann tók í stroffuna. Mættur segir, að Aðalsteinn hafi viljað fá stroffuna, en kveðst ekki minnast þess, að orðaskipti hafi farið milli hans og Aðalsteins. Mættur segir, að þeir hafi eiginlega ekkert togast á um stroffuna, áður en hann slepti. Segir mættur, að sér hafi fundist sanngjarnt, að Aðalsteinn fengi stroffuna, þar sem búið var að leggja í fleiri stroffur þeim megin, sem mættur var. Var það ástæðan fyrir því, að hann slepti strax. Mættur segir, að á að giska fjórir metrar hafi verið milli hans og Aðalsteins.“ Síðar í framburðinum segir orðrétt: „Mættur segist hafa orðið fyrri til að taka upp stroffuna og Aðalsteinn síðan tekið hana af sér. Mættur segir, að engin þrengsli hafi verið í nánd við stroffuna. Mættur kveðst hafa gengið framhjá Aðalsteini, rétt áður en hann tók upp stroffuna, og þá snúið í hann baki.“

Við samprófun stefnanda og nefnds Aðalsteins síðar tók stefnandi fram, að það væri rangt í lögregluskýrslu, að hann hafi dottið

aftur á bak, hann hafi dottið á hægri hlið. Stefnandi kvaðst minnst þess, að bleytupollar hafi verið á lestargólfinu. Þar hafi einnig verið áburðarkögglar og nokkuð hált. Sagði hann, að bleytan hafi stafað af því, að áburðarkögglar hafi verið farnir að bráðna, en áburður hafi verið í sekkjum þeim, sem verið var að skipa upp. Stefnandi kvaðst hafa unnið samfelldt í sex til sjö ár við uppskipunarvinnu, áður en slysið varð, og hafi hann alltaf unnið um borð í skipum, en aldrei í landi, við uppskipun. Stefnandi kvaðst hafa verið ráðinn til vinnu af Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar, verið þar nokkurn veginn fastur starfsmaður og fengið greidd laun frá skipaafgreiðslunni á sama hátt og menn í landi. Hann kvaðst ekki hafa skýrt skipaafgreiðslunni frá því, að hann væri 75% örryki, er hann hafi ráðið sig þarna til starfa, enda hafi hann ekki talið ástæðu til þess, þar sem hann hefði næstu 15 ár á undan starfað við alla algenga vinnu. Loks sagði stefnandi, að verkstjórn væri yfirleitt úr landi, en þó væri hún að nokkru leyti framkvæmd af skipverjum.

Hinn 20. september 1968 var einnig tekin lögregluskýrsla af áðurnefndum Aðalsteini Kristinssyni verkamanni. Sagðist hann muna vel eftir atvikum að umræddu slysi. Hann sagði, að auk hans og stefnanda hefðu verið við vinnu í afturlest skipsins í umrætt sinn Óli Gunnarsson, Lorenz Halldórsson og Gunnar Kristjánsson. Klukkan rúmlega hálf ellefu um kvöldið hafi þeir stefnandi og Óli Gunnarsson verið búnir að leggja sekki í stroffu bakborðsmegin í lestinni. Hann hafi sjálfan vantað stroffu til að leggja í og hafi hann þá tekið í og dregið til sín stroffu, er legið hafi á miðju dekkinu, eða þó frekar bakborðsmegin. Hafi hann snúið baki að stefnanda, en litið til baka, er hann hafi heyrt hlátur vinnufélaga sinna. Hafi hann þá séð Jón liggja flatan á þilfarinu og hafi hann virst ekki geta komist á fætur aftur. Honum hafi strax verið sagt, að stefnandi hefði stigið á stroffuna og fallið af þeim sökum. Er hann dró að sér stroffuna, hafi hann hins vegar ekki fundið neina mótstöðu, fyrr en hann varð þess var, að stefnandi hafði fallið, því að stefnandi hafi legið ofan á stroffunni. Ekki sagðist hann hafa haft neinn grun um það, að stefnandi hafi ætlað að torvelda sér að draga stroffuna, og ekki sagðist hann heldur vita, hvort stefnandi hafi stigið á hana viljandi eða óviljandi. Þessa skýrslu staðfesti vitnið Aðalsteinn fyrir dómi hinn 19. mars 1971. Fyrir dóminum sagðist vitnið ekki hafa orðið vart við, að stríkkað hafi á stroffunni á milli þeirra, þegar það hafi tekið í hana, fyrr en eftir að stefnandi hafði dottið ofan á hana. Stroffan hafi legið meira

bakborðsmegin og hafi endi hennar legið að sér. Það hafi tekið upp enda stroffunnar og dregið hana áleiðis að stjórnborðssíðunni og hafi það verið komið á bak við þil við stigann upp úr lestinni, þegar slysið hafi orðið, en stigi þessi sé miðskips. Vitnið kvaðst hafa snúið baki í stefnanda og sagðist mundu hafa séð hann, ef hann hefði snúið sér við. Ekki kvaðst vitnið hafa séð stefnanda hafa hendur á stroffunni, áður en vitnið tók hana. Vitnið sagðist telja, að stefnandi hafi dottið um stroffuna, en mjög hált hafi verið í lestinni.

Hinn 10. október 1968 var tekin lögregluskýrsla af Óla Gunnarssyni verkamanni. Hann sagðist muna vel eftir atvikum umræddan slysdag. Er slysið varð, hafi Aðalsteinn verið úti undir skipssíðunni, stefnandi á miðju þilfari, en hann sjálfur við síðuna hinum megin. Hafi hann staðið við pokastæðuna og þá séð, að Jón féll og stóð ekki upp aftur. Ekki sagðist hann hafa veitt því athygli, er Jón féll, af hvaða orsökum það hafi viljað til, en á eftir hafi sér ekki dulist, að stefnandi muni hafa stigið á stroffu, um leið og Aðalsteinn hafi dregið hana til sín. Hann sagðist álíta, að er Aðalsteinn kippti í stroffuna, hafi hann snúið andliti frá stefnanda.

Þessa skýrslu staðfesti vitnið Óli fyrir dómi 19. maí 1971. Vitnið sagðist ekki hafa séð stefnanda hafa hönd á stroffunni og ekki hafa fylgst með honum og Aðalsteini, fyrr en um leið og stefnandi hafi fallið. Þá hafi vitnið litið við og hafi Aðalsteinn þá snúið frá stefnanda og verið að ganga með stroffuna yfir að stjórnborðssíðunni. Vitnið sagði, að hált hefði verið á dekkinu.

Í áðurnefndu þinghaldi kom fyrir dóm vitnið Ingolf Lorenz Halldórsson verkamaður. Vitnið sagðist hafa verið statt úti í annarri síðu skipsins, stjórnborðsmegin, að því er vitnið minnti, er umrætt slys varð. Það hafi ekki séð aðdraganda slyssins, en séð Jón, þar sem hann hafi legið eftir slysið. Ekki kvaðst vitnið minnast þess, að glettingar hafi verið með mönnum, er slysið varð, en þó sagðist vitnið hafa verið meðal þeirra, er farið hefðu að hlæja, er það hafi séð stefnanda liggja á sléttu lestargólfinu. Ekki sagðist vitnið muna, hvort gólf lestarinnar hafi verið blautt. Vitnið sagði, að staðsetning stroffunnar hafi verið eðlileg á þilfarinu. Nóg pláss hafi verið á lestargólfinu og engin þrengsli í nánd við stroffuna. Vitnið sagði, að stefnandi hafi rekið upp hljóð, er hann datt.

Vitnið Gunnar Kristjánsson kom fyrir dóm áðurnefndan þingdag. Vitnið sagðist hafa verið statt stjórnborðsmegin í afturllest á millipilfari skipsins, er slysið varð. Smáhlé hafi orðið á vinnu

við uppskipunina, þar sem beðið hafi verið eftir stroffum. Vitnið sagðist ekki hafa séð aðdraganda slyssins, en strax orðið vart við það, þegar það hafi orðið. Sagðist vitnið álíta, að stefnandi hafi dottið um stroffu, sem hafi verið rétt hjá honum, þegar vitnið hafi komið að. Vitnið sagði, að hált hafi verið í lestinni vegna bleytu, og sagðist vitnið minna, að úrkoma hafi verið.

Vitnið Jón Jónsson verkstjóri kom fyrir dóm áðurnefndan þingdag. Vitnið kvaðst hafa verið statt uppi á afgreiðslu eða á leið fram á bryggju, er slysið varð. Vitnið sagði, að ekki hafi verið kvartað um hálku í lestinni við sig. Hins vegar gæti myndast hálka af áburðarkornum, þegar á þeim sé gengið. Vitnið sagði, að ekki væri venja að hreinsa gólf lestanna, fyrr en að losun lokinni, þegar um áburð væri að ræða.

Í læknisvottorði, dags. 15. ágúst 1969, hefur læknirinn Haukur Þórðarson það eftir stefnanda málsins, að hann hafi verið að vinna í lest við uppskipun á Akureyri þann 6. júlí 1968, runnið í hálku og hlotið brot, sem síðar er nánar skýrt.

Í örorkumati, dags. 14. október 1969, segir svo um slysið: „Hann stóð í stroffulykkju, sem dregin var til, dróst með henni og skall á lestargólfið.“

Samkvæmt gögnum málsins hlaut stefnandi brot á hægra lærleggshálsi við umrætt fall.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að verkamaðurinn Aðalsteinn Kristinsson hafi kippt undan stefnanda, þar sem hann stóð á lestargólfinu, tóstroffu með þeim afleiðingum, að hann hafi fallið aftur fyrir sig og beinbrotnað. Aðalsteinn hafi unnið verk sitt nánast blindandi, ekki fylgst með leið stroffunnar, þar sem hann hafi snúið í hana baki og einnig stefnanda, sem hafi haft tök á stroffunni, en látið hana lausa, þegar hann hafi orðið þess var, að Aðalsteinn hafi ætlað að draga hana til sín. Visar stefnandi um þetta til framburða nefnds Aðalsteins, Óla og Jóns í lögregluskýrslu. Stefnandi telur, að stefndi Skipaútgerð ríkisins, útgerðaraðili m/s Bliks, beri fébótaábyrgð gagnvart honum samkvæmt almennum reglum íslensks réttar um ábyrgð atvinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna, sem orsakist af ógætni, hirðuleysi og stórkostlegu gáleysi, og sé regla þessi útfærð í 8. gr. laga nr. 66/1963. Stefndi Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar beri fébótaábyrgð á slysinu samkvæmt sömu reglum. Verkamennirnir hafi verið í þjónustu beggja hinna stefndu.

Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar hafi annast ráðningu þeirra, greitt þeim kaup og þiggi fyrir störf sín ákveðinn hundraðshluta af farmgjöldum og komi þannig fram sem sjálfstæður atvinnuveitandi gagnvart þeim. Í samræmi við þetta beri stefndu „solidaríska“ fébótaábyrgð í máli þessu, því að hér sé nánast um samstarf tveggja aðilja að ræða, svo náð, að sækja verið rétt á hendur báðum.

Kröfur sínar, eins og þeim var breytt við munnlegan málflutning, sundurliðar stefnandi þannig:

1. Vegna tímabundinnar örorku	kr. 110.059.00
2. Vegna varanlegrar örorku	— 447.447.00
3. Bætur vegna miska, óþæginda, lýta og sársauka	— 175.000.00
	Kr. 732.506.00

Frá ofangreindri fjárhæð dregur stefnandi kr. 60.620.00, sem stefnandi hafi fengið greiddar í dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið 3. ágúst 1968—4. júlí 1969, svo og kr. 13.336.00, sem stefnandi hafi fengið greiddar frá Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar eftir slysið. Stefnukrafan sé því kr. 732.506.00 ÷ 60.620.00 ÷ 13.336.00 = 658.550.00.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Skipaútgerðar ríkisins byggir aðalkröfu sína um sýknu á því, að slysið hafi orðið vegna hreinnar óhappatilviljunar, „sem engum verði kennt um sérstaklega, nema þá helst stefnanda sjálfum“, og vísar hann til frásagnar stefnanda í lögregluskýrslu, sbr. orðin „í ógáti“. Einnig hafi stefnandi skýrt lækni svo frá, að hann hafi runnið í hálfu, sbr. dskj. nr. 4. Algerlega sé ósannað, að verkamanninum Aðalsteini Kristinssyni verði á nokkurn hátt um slysið kennt. Í annan stað byggist sýknukrafan á því, að raunverulega sé Skipaútgerðin ekki réttur aðili málsins, heldur hinn stefndi. Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar hafi valið og ráðið menn til starfa, hún ákveði, hverjir fari um borð, annist alla verkstjórn og sjái um greiðslu kaups þeirra og taki þóknun fyrir umsvif sín. Ekki skipti máli í þessu sambandi, þótt skipaafgreiðslan fái kaupgreiðslur þessar endurgreiddar. Stefnandi eigi því að öllu leyti aðgang að nefndri skipaafgreiðslu, ef um einhverja bótaskyldu yrði talið að ræða. Ef ekki yrði fallist á þessi sjónarmið og talið yrði, að um bótaskyldu væri að ræða, bæri nefnd skipaafgreiðsla allt að einu þá ábyrgð samkvæmt lagareglunni um culpa in eligendo. Það hafi

verið ógætilegt og í rauninni ábyrgðarhluti að ráða stefnanda til þessa starfs, og þá sérstaklega til að vinna í lest, þar sem hann hafi verið 75% öryrki fyrir. Ætla megi, að fullfrískum manni hefði ekki orðið svo mikið um þetta „hnjask“. Bótaskyldu sé því einnig mótmælt af þessari ástæðu. Varakrafan um verulega lækkun stefnukröfu byggist á því, að kröfugerð stefnanda sé óhæfilega há tölulega og bótaútreikningur tryggingafræðings sé byggður á röngum grundvelli. Einnig komi sakarskipting til álita.

Stefndi Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar byggir aðalkröfu sína um sýknu annars vegar á aðildarskorti og hins vegar á því, að ekki sé um neina sök að ræða á slysinu af hálfu skipaafgreiðslunnar. Það sé viðurkennd regla í samskiptum útgerðarféлага og skipaafgreiðslna um landið, að verkamenn, sem vinni um borð í skipum, séu í þjónustu viðkomandi útgerðar. Að vísu ráði skipaafgreiðslan þessa menn til starfa eins og aðra verkamenn, en í umboði útgerðarinnar og fyrir hennar reikning. Vinna um borð í skipunum fari fram undir stjórn yfirmanna skipsins. Stefnandi málsins hafi verið í þjónustu Skipaútgerðar ríkisins og hafi honum sjálfum mátt vera það fullljóst. Kröfum sé því ranglega beint að skipaafgreiðslunni í máli þessu. Þá er höfð sú málsástæða uppi í greinargerð, að stefnandi hafi sjálfur átt meginsök á því, að hann slasaðist, og komi það best fram í frásögn stefnanda sjálfs í lög-regluskýrslu. Ekkert sé komið fram í málinu um sök skipaafgreiðslunnar á slysinu og beri því að sýkna hana í málinu. Varakrafa er á því byggð, að kröfugerð stefnanda sé allt of há, enda reikningsgrundvöllur rangur, svo og á sakarskiptingu vegna eigin sakar stefnanda.

IV.

Umrætt slys varð hinn 5. júlí 1968. Stefnandi er fyrst yfirheyrður af lögreglu 20. september 1968 og vitni 26. september 1968 og 10. október 1968. Yfirheyrslur fyrir dómi fóru fram 19. maí 1971.

Í nefndum skýrslum kemur fram, að engir sjónarvottar voru að því, hvernig slysið bar að, og er því stefnandi einn þar til frásagnar. Hann hefur sagt við lögreglu yfirheyrslu um orsök slyssins, „að hann muni í ógáti hafa stigið fæti á stroffuna, um leið og Aðalsteinn dró hana að sér,“ og „að engar aðrar orsakir hafi legið til slyssins“. Þessa skýrslu hefur hann staðfest fyrir dómi. Ekkert er fram komið í málinu, eins og það liggur hér fyrir dómi, um, að slysið verði rakið til vanbúnaðar skips eða handvammrar starfsmanna. Stefnandi hefur því eigi sannað, að slysið hafi orðið með

þeim atvikum, að stefndu beri á því fébótaábyrgð. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna báða stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Björn Þ. Guðmundsson dómsformaður kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Einari Thoroddsen yfirhafnsögumanni og Guðna Jónssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Skipaúngerðar ríkisins og Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Jóns Vigfússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. janúar 1974.

Nr. 159/1973: **Eigendur og ábúendur jarða, er lönd eiga að Mývatni,**

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs,
Hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins
og eigendum og ábúendum lögbýla í Mývatns-
sveit, sem eigi eru talin eigi lönd að Mývatni.**

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Toríason og prófessor
Gaukur Jörundsson.**

Kærumál. Eignardómsmál. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa kveðið upp Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, dómari samkvæmt umboðsskrá, ásamt samdómendunum Magnúsi Má Lárussyni háskólarektor og Sigurði Reyni Péturssyni hæstaréttarlögmanni.